

Vestfjarðakjálkinn er ekki sjálfum sér nógur í raforku um þessar mundir og þarf því að fá rafmagn flutt inn í fjórðunginn af landsnetinu. Þessi flutningur raforku inn í landshlutann fer um Vesturlínu úr Hrutatungu í Hrutafjarðarbotni í Mjólkárirkjun í Arnarfirði. Þetta er einföld tenging og gerir það að verkum að afhendingaröryggi er slakt í landshlutanum. Mikill munur er á raforkuþörf á Vestfjarðakjálkanum eftir árstíðum vegna hitaveituleysis. Ef Vesturlína færi í sundur að vetri þýddi það raforkuskort á Vestfjörðum.

Áformuð Hvalárvirkjun hefur mikil áhrif á raforkukerfið á Vestfjarðarkjálkanum þar sem slík virkjun leiðir af sér mikla orkuframleiðslu innan kerfisins. Virkjunin mun væntanlega leiða af sér þriggja fasa rafmagn og tvöfalda tengingu í Árneshreppi. Ennfremur verður Vestfjarðakjálkinn nettó útflytjandi raforku en ekki innflytjandi. Mestu áhrif virkjunarinnar á raforkukerfið á Vestfjarðakjálkanum eru samt sem áður líklega þau að verkefnið, sem felst í því að koma á tvöfaldri tengingu í flutningskerfinu í öllum landshlutanum, verður allt annað og viðráðanlegra en áður. Einungis þyrfti eina línu til viðbótar til að næstum allt flutningskerfið yrði með tvöfalda tengingu. Sterkasta lokaskrefið væri lína innst úr Ísafjarðardjúpi út til Ísafjarðar eða í Breiðadal í Öfundarfirði. Án Hvalárvirkjunar eða annarra sambærilegra virkjana er tvöföld tenging raforkukerfisins á Vestfjarðakjálkanum mjög stórt verkefni.

Róbert Arnar Stefánsson og Menja von Schmalensee eru bæði líffræðingar frá Háskóla Íslands. Þau hafa starfað hjá Náttúrustofu Vesturlands í Stykkishólmi í tæplega 18 ár, Róbert sem forstöðumaður og Menja sem sviðsstjóri. Þar hafa þau unnið að uppbyggingu og stefnumótun Náttúrustofunnar ásamt fjölmörgum fjölbreyttum verkefnum, svo sem rannsóknum á vistfræði minksins, ýmsum fuglarannsóknum, rannsóknum og ráðgjöf varðandi ágengar tegundir, ráðgjöf varðandi umhverfismál sveitarfélaga og ýmsum verkefnum í tengslum við almenningsfræðslu.

Titill: Mikilvægi náttúrustofa fyrir byggðapróun í aukinni sátt við náttúru

Útdráttur: Á árunum 1995-2013 voru átta náttúrustofur settar á laggirnar vítt og breitt um landið. Hver og ein þeirra er sjálfstæð eining í eigu sveitarfélaga en rekin með styrk frá ríki. Hlutverk þeirra eru einkum vísindaleg gagnasöfnun, fræðsla, ráðgjöf og ýmis þjónusta. Ekki er um það deilt að tilurð náttúrustofa hefur verið afar vel heppnuð aðgerð m.t.t. náttúruverndar og þekkingaröflunar innan hvers svæðis og á landsvísi, en hefur tilvist náttúrustofa einnig haft áhrif á byggðapróun? Á náttúrustofum starfar samtals á fjórða tug háskólamenntaðra náttúrufræðinga og hafa stofurnar því aukið fjölbreytni atvinnulífs í byggðum sem margar hverjar hafa átt undir högg að sækja. Þekking á náttúru nærumhverfis er forsenda atvinnuuppbyggingar í sátt við náttúru og umhverfi. Gott aðgengi íbúa, fyrirtækja, stofnana og stjórnenda sveitarfélaga að fræðimönnum með slíka þekkingu er einnig nauðsynleg til að ná slíku markmiði. Í erindinu verður m.a. farið yfir aðkomu náttúrustofa að atvinnuuppbyggingu og nýsköpun, ásamt því hvernig þær hafa haft áhrif á stefnu sveitarfélaga og viðhorf almennings til umhverfisverndar. Litið verður sérstaklega til reynslu Náttúrustofu Vesturlands en einnig nefnd dæmi frá öðrum náttúrustofum. Færð verða rök fyrir því að náttúrustofur séu afar mikilvægar einingar fyrir jákvæða byggðapróun og stuðli að aukinni sjálfbærni.

Þrátt fyrir augljósa kosti náttúrustofa hafa þær þurft að heyja varnarbaráttu nánast frá upphafi. Kynnt verður framtíðarsýn um blómstrandi samfélög með sterkum náttúrustofum.
